

Hr. Ágúst Geir Ágústsson, nefndarritari
Heilbrigðis- og trygginganefndar Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 13.03.02


Efni: Þingsályktun um átraskanir

Manneldisráð fagnar þingsályktun um átraskanir, þar sem Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að sjá til þess að þverfagleg þjónusta þeirra sem hafa sérþekkingu á átrskunum verði sameinuð þannig að bjóða megi sérhæfða meðferð fyrir átröskunarsjúklinga.

Ráðið ítrekar mikilvægi teymisvinnu sérfræðinga í heilbrigðisgeiranum til að auka líkur á árangursríkri meðferð við átröskun. Hér eru á ferðinni alvarlegir sjúkdómar þar sem tvinnast saman geðrænir og líkamlegir kvillar. Nauðsyn samvinnu í umönnun sjúklinga er því greinileg.

Ráðið vill jafnframt hvetja Alþingi til að álykta á hliðstæðan hátt um meðferð offitu, en á því sviði er ekki síður þörf á samhæfingu í meðferð.

Virðingarfyllst,
f.h. Manneldisráðs



Laufey Steingrimsdóttir
forstöðumaður